

Leikskólinn Álfheimar

Ársáætlun; 1. september 2009 - 31. ágúst 2010



Efnisyfirlit.

Formáli

1. Mat á síðasta leikskólaári.
2. Starfið komandi leikskólaár.
Sérstakar áherslur í starfinu komandi leikskólaár – hverjar? hvernig?
hvers vegna?
3. Dagskipulag.
4. Barnahópurinn
Samsetning hópsins – fjöldi nýrra barna.
5. Starfsmannahópurinn
Samsetning hópsins – breytingar.
6. Leikskóladagatalið
7. Foreldraráð
8. Almennar upplýsingar.
a) leikskólaskrifstofu Árborgar.
b) leikskólans.
9. Umhverfissáttmáli Álfheima
10. Leikskóladagatalið 2009-2010

Formáli.

Ársáætlun leikskólans Álþeima fyrir leikskólaárið 2009-2010 eru gerð skil í þessu hefti. Leikskólinn Álþeimar starfar samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla frá 1999 og Skólanámskrá Álþeima sem út kom í febrúar 2001. Öll kennsla sem fram fer í er skipulögð út frá leik barnsins sem er aðal-kennslutækið í leikskólanum.

Starfsmannastefna Sveitarfélagsins Árborgar er höfð að leiðarljósi í starfsmannastefnu Álþeima.

Leikskólinn Álþeimar er skóli á grænni grein en hann hefur frá því í júní 2004 flaggað Grænfánanum sem er alþjóðlegt merki um gott umhverfisstarf í skólum og skipar vistvernd í verki stóran sess í starfi skólans. Álþeimar fengu endurnýjun Grænfánans 12.júní 2008 og stefnt er að endurnýjun fánans í júní 2010.

Í leikskólanum munu á komandi starfsári, starfa 80 nemendur , 28 starfsmenn auk 2ja ræstitækna.

Álfheimum 29.september 2009.

Ingibjörg Stefánsdóttir
Leikskólastjóri Álþeima.



Skóli á grænni grein.

1.

Mat á síðasta leikskólaári 2008-2009.

Á deildarfundum í maí og júní var leikskólaárið endurmetið á hverri deild fyrir sig. Gátlisti fyrir greiningu og mat á leikskólastarfi sem starfshópur á vegum leikskólanna skipaður aðstoðarleikskólastjórum og leikskólafulltrúa vann veturinn 2008-2009 var matstækið að þessu sinni. Gátlistinn var unnin með hliðsjón af: Aðalnámskrá fyrir leikskóla frá 1999, Ecerskvarða til að meta leikskólastarf fyrir þriggja til sex ára börn, Uppeldisáætlun fyrir dagvistarheimili frá 1985 og leiðarvísi með uppeldisáætlun frá 1987.

Gátlistinn er gerður þannig að hver deild svarar fyrir sig að því loknu er hægt að hafa umræður um svör þátttakenda, þar er hægt að ræða um það sem er óáþreifanlegt eða huglægt, s.s. viðhorf, líðan, áhuga, eftirtekt, óánægju, þannig er hægt að vinna að endurbótum á leikskólastarfinu. Svörum við spurningunum er svarað með talnakvarða frá 1-5.

Matskvarði;

1. óljóst, vantar
2. sæmilegt
3. viðunandi
4. gott
5. mjög gott

Valdir þættir til athugunar:

- | | |
|--|---------------|
| • Samskipti | einkunn – 4-5 |
| • Líðan | einkunn – 3-4 |
| • Leikur og leikskólastarf | einkunn – 4-5 |
| • Barnahópurinn | einkunn – 3-5 |
| • Daglegt líf í leikskólanum | einkunn – 4-5 |
| • Líflseikni | einkunn – 3-5 |
| • Námsvið leikskóla | einkunn – 4-5 |
| • Námskrár | einkunn - 3-4 |
| • Stjórnunarhættir | einkunn – 3-5 |
| • Samstarfsverkefni og þróunarstarf | einkunn - 1-3 |
| • Húsnæði/lóð, útileiksvæði og búnaður | einkunn -3-4 |
| • Samstarf heimilis og leikskóla | einkunn - 4-5 |

2.

Starfið komandi leikskólaár 1.september 2009– 31.ágúst 2010.

Leikskólinn Álfheimar starfar samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla sem út kom 1999. Sérhver leikskóli á samkvæmt henni að gera sína eigin skólánámskrá. Skólanámskrá Álfheima kom út í febrúar 2001.

Markmið leikskólans Álfheima og leiðir að markmiðum:

Í leikskólanum Álfheimum leggjum við aðaláherslu á að efla meðal barnanna mannkærleika, samkennd, umburðarlyndi og vináttu. Við viljum skapa gott félagslegt andrúmsloft í vel skipulögðu uppeldisumhverfi, þar sem börn og starfsfólk fái notið og þroskað eiginleika sína fordómalaust. (skólanámskrá Álfh. bls.8)

Í skólanámskránni (á bls. 8) þá uppeldislegu sýn sem starfsfólk hefur kosið að starfa eftir og eru jafnframt leiðir að markmiðinu:

1. Að allt starfsfólk sýni börnunum virðingu, hlýju og ástúð í allri umgengni.
2. Að barnið fái ábyrga og faglega umönnun bæði andlega og líkamlega.
3. Að foreldrar geti treyst því að öryggi barna þeirra sé tryggt af fremsta megni á meðan leikskóladvöl þeirra stendur.
4. Að uppeldisstarfið sé unnið í nánú samstarfi við foreldra.
5. Að börnunum sé kennt að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og náttúru landsins.

Leikurinn er hornsteinn leikskólastarfsins og aðal kennslutækið. Í leik lærir barn margt sem enginn getur kennt því. Í leik felst því mikið sjálfsnám, honum fylgir bæði gaman og alvara. Þátttaka fullorðna fólksins í leik barnanna skipar stóran sess í starfi Álfheima. Það hefur ótvírætt gildi að taka þátt í leik barnanna á þeirra forsendum. Þannig veður skilningur fullorðna fólksins á tilfinningum barnanna og á ýmsum þörfum þeirra betri og næmari. Fyrir barnið verður sá sem leikur við það vinur þess og félagi.



Til þess að leikurinn geti þróast og eflst þarf barnið upplifun, hugmyndaflug og efnivið.

Leikskólaárið hefst ávallt á aðlögun nýrra barna og starfsfólks. Að þessu sinni hafa 26 nýnemar innritast í leikskólann Álfheima. Alls eru nú 80 börn við nám í leikskólanum.

Deildarskipan er eftirfarandi:

Á Völusteini 17 börn fædd 2004 og 3 fædd 2005

Á Óskasteini 12 börn fædd 2005 og 11 fædd 2006

Á Dvergasteini 12 börn fædd 2006 og 7 fædd 2007

Á Álfasteini 18 börn fædd 2007.

Pemavinna leikskólans tengist náttúru- og umhverfismennt og fléttast inn í öll námssvið leikskólans, leikinn, daglegt líf, málrækt, myndsköpun, hreyfingu, útiveru, tónlist og menningu og samfélag.

Skógarferðir eru einu sinni í viku. Farið er með þrjá elstu árgangana í 10- 14 barna hópum. Markmiðið er að börnin fái tækifæri til að leika sér úti í náttúrunni og njóta hennar.

Yngstu börnin (2007) fara út á ”engi” í móann sem liggur meðfram Engjavegi og við höfum sem viðbót við leiksvæði okkar.

Þróunarverkefni Álfheima “út um mó inn í skóg” verkefni í náttúru – og umhverfismennt með áherslu á útiveru er stór þáttur í öllu starfi Álfheima. Verkefnið sjálf stóð yfir 2002-2004 og kom skýrsla þess út vorið 2005 og er hægt að nálgast hana á vef khi.is Verkefnastjóri var Kristín Norðdahl lektor við KHÍ.

Anna Gina Aagested leikskólakennari hefur umsjón með náttúru- og umhverfismennt leikskólans – og áhugi er á rannsóknarverkefni í

samstarfi við HÍ á félags – og hreyfifærni barna sem leika og læra í náttúrunni.

Leikskólinn Álfheimar er skóli á grænni grein en hann hefur frá því í júní 2004 flaggað Grænfánanum sem er alþjóðlegt merki um gott umhverfisstarf í skólum og skipar vistvernd í verki stóran sess í starfi skólans. (sjá meðfylgj. umhverfissáttmála Álfheima).

Grænfáninn er afhentur til tveggja ára í senn og fékk leikskólinn hann endurnýjaðan 2006 og 2008 og stefnt er að endurnýjun á fjórða fánans vorið 2010.

Tákn með tali á sér fastan sess í starfi leikskólans. Leitast er við að nota táknin sem mest í öllum daglegum samskiptum, hvert barn og allt starfsfólk á sitt eigið tákn. Mjög góð heimasíða er á internetinu þar sem hægt er að fræðast og fá upplýsingar um tákn með tali og er slóðin, *tmt.is*
Börnum af erlendum uppruna hefur fjölgað í leikskólanum og eru nú 5 börn úr 4 pólskum fjölskyldum sem hafa pólsku sem aðalmál. Í leikskólanum starfa 2 kennarar af pólskum uppruna sem sjá um upplýsingaflæði til þeirra.

ART þjálfun – Aggression replacement training – á Völusteini.

ART-þjálfun byggir á þremur grunnflokkum;

- Félagfærniþjálfun
- Sjálfsstjórnarþjálfun
- Þjálfun í félagslegri aðlögun/nálgun og siðgæði

Að öðru leyti er aðaláherslan lögð á að bæði börnum og starfsfólki líði vel í Álfheimum, hlakki til morgundagsins og að samskiptin séu með þeim hætti að virðing, hlýja og traust séu í öndvegi í öllum samskiptum innan leikskólans.

Samstarfleikskóli/heimaleikskóli.

Leikskólinn Álfheimar er samstarfsleikskóli/heimaleikskóli við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Nemar koma í leikskólann í vettvangsnám og verkefnavinnu hjá æfingakennurum.

Í Álfheimum eru skráðir 4 leikskólakennaranemar:

- Ingunn Helgadóttir 3.misseri Álfastein - Þóranna
- Sigdís Hrund Oddsdóttir 3.misseri Útikennsla – Anna Gina
- Sigrún Herdís Arndal 3.misseri Dvergasteinn - Jensína
- Anna Guðrún Sigurðardóttir 1.misseri Völusteinn – Guðný.

Á sameiginlegu námskeiði leik- og grunnskólakennaranema, *Á mótum leik- og grunnskóla*, eiga nemar að fá tækifæri til að kynnast

starfsvettvangi hins skólastigsins, þ.e. grunnskólakennaranemar fara í eina viku í leikskóla og leikskólanemarnir fara í 1. bekk í grunnskóla.

Grunnskólakennaranemarnir sem koma í Álfheima eru:

- Íris Árný Magnúsdóttir
- Tinna Ósk Björnsdóttir

3.

Dagskipulag Álfa, - Dverga – Óska - og Völusteins 2009 – 2010.

Dagskipulag hvernar deildar er hugsað út frá því að nægur tími gefist fyrir frjálsan leik barna. Allir þættir í dagskipulaginu eiga að vera í góðri samfellu og mynda ákveðna heild út frá þörfum barnanna.

Kl:7.45 – 8.15	Frjáls leikur.
Kl:8.20 – 8,50	Morgunmatur.
Kl:8,00 - 11.15	Frjáls leikur. Hópstarf. Hreyfing í sal. Kubbatímar. Útivera. Gönguferðir. Skógarferðir. Sögustundir.
Kl:11.15 - 12.00	Söngur og tónlistarstundir.
Kl:11.15 –13,00	Hádegisverður/ sögustund/ hvíld.
Kl: 13.00 - 15.00	Frjáls leikur. Hópstarf. Tónlist. Hreyfing í sal. Kubbatímar.Útivera. Gönguferðir.Skógarferðir
Kl:15.00 - 15.30	Nónhressing.
Kl:15.30 - 17.15.	Sögustundir - Frjáls leikur – Leikur í sal.

Á fimmtudögum er sameiginleg söngstund í sal kl:9,00 – 9,15.

4.

Barnahópurinn.

Að þessu sinni hófu 26 nýnemar nám við leikskólann Álfheima. Aðlögun hófst 23.júlí og 17.ágúst höfðu þeir allir innritast í leikskólann.

Á Álfasteini eru 18 börn ,11 drengir og 7 stúlkur.
18 börn fædd 2007

Á Dvergasteini eru 19 börn, 13 drengir og 6 stúlkur.
12 börn fædd 2006 og 7 fædd 2007.

Á Óskasteini eru 23 börn, 11 drengir og 12 stúlkur.
12 börn fædd 2005 og 11 fædd 2006.

Á Völusteini eru 19 börn 12 drengir og 7 stúlkur.
17 börn fædd 2004 og 2 fædd 2005.

5.

Starfsmannahópurinn.

Í Álfheimum munu starfa 28 starfsmenn auk 2 starfsmanna við ræstingar.

Ingibjörg Stefánsdóttir	leikskólastjóri alfheimar@arborg.is
Margrét Jóna Ólafsdóttir	aðstoðarleikskólastjóri)mjo@arborg.is
Lísbet Nílsdóttir	sérkennslustjóri lisbet@arborg.is
Kristín Þóra Albertsdóttir	starfsþjálfun á Óska- og Dvergasteini
Anna Gina Agedsted	verkefnastjóri náttúru/umhverfismennt

Völusteinn

Guðný Birgisdóttir	deildarstjóri
Hjördís Guðlaugsdóttir	leikskólakennari
Halla Ómarsdóttir	starf í leikskóla
Hrafnhildur Sigurgeirsdóttir	starf í leikskóla

Dvergasteinn:

Jensína Kristín Gísladóttir	deildarstjóri.
Birna Jóhanna Sævarsdóttir	starf í leikskóla (í leiksk.k.námi).

Kristjana Ólöf Friðriksdóttir
Magdalena Alina Fojut

starf í leikskóla
leikskólakennari

Álfasteinn:

Þórunna Ingólfssdóttir
Vigdís Hjartardóttir
Jill Renea Róbertsson
Margrét Jóna Ólafsdóttir
Eygló Hansdóttir

leikskólakennari
starf í leikskóla
grunnskólakennari
aðstoðarleikskólastjóri
íþróttafraeðingur

Óskasteinn:

Helga Hallgrímsdóttir
Aneta Figlarska
Ólöf Anna Guðjónsdóttir
Sólrun Ósk Kristinsdóttir
Hanna Rut Samúelsdóttir
Rannveig Einarsdóttir

deildarstjóri
starf í leikskóla
starf í leikskóla
starf í leikskóla
leikskólakennari
starf í leikskóla

Í eldhúsi:

Hólmfríður Halldórsdóttir
Hrafnhildur Bjarnadóttir

matráður
aðstoð í eldhúsi

Ræsting.

Álfheiður Guðjónsdóttir
Ásta Hallsdóttir

Óska – og Völusteinn
Álfa - og Dvergasteinn

Í fæðingarorlofi eru Elísa Einarsdóttir, Kristín Dís Kristjánsdóttir og Eva Hrónn Jónsdóttir.

Í veikindafrí Eydís Rós Eyglóardóttir og í fæðingarorlof í október n.k.

Í leikskólakennaranámi við H.A. er Birna Jóhanna Sævarsdóttir



Ánægðir starfsmenn

6.

Leikskóladagatal 2009-2010.



Á leikskóladagatalið, eru merktir inn allir hátíðis – og tyllidagar í Álfheimum og annað sem við kemur leikskólastarfinu (sjá fylgiskjal).

7.

Foreldraráð.

Foreldraráð er starfandi við leikskólann Álfheima. Í því eiga sæti 4 aðalmenn og 4 varamenn, 2 foreldrar af hverri deild Foreldraráð fundar einu sinni í mánuði með leikskólastjóra og aðstoðar-Leikskólastjóra.

Á foreldrafundum sem haldnir voru í Álfheimum í september voru eftirtaldir valdir í foreldraráð:

- Álfasteinn Ragna Gunnarsdóttir og Sigríður M.Skúladóttir
- Dvergasteinn Bryndís Jónsdóttir og Vilborg Magnúsdóttir
- Óskasteinn Linda R. Ragnarsdóttir og Jensína K.Gísladóttir
- Völusteinn Sæunn Magnúsdóttir og Sara Guðjónsdóttir

Í lögum um leikskóla nr.90 12.júní 2008 segir;

IV. kafli. Foreldrar og foreldraráð.

■9. gr. Foreldrar.

□Foreldrar leikskólabarna skulu gæta hagsmuna barna sinna. Þeir skulu hafa náíð samráð við starfsfólk leikskóla og fylgjast með skólagöngu barna sinna og veita þær upplýsingar sem kunna að skipta máli fyrir skólastarfið og velferð barna. Foreldrar skulu jafnframt eiga rétt á upplýsingum um skólastarfið og stöðu barna sinna. [Um rétt foreldris sem ekki fer með forsjá barns til upplýsinga um barn sitt samkvæmt þessum

lögum fer samkvæmt fyrirmælum [52. gr. barnalaga, nr. 76/2003.](#)]¹⁾

□Eigi í hlut foreldrar sem tala ekki íslensku eða nota táknmál skal skóli leitast við að tryggja þeim túlkun á upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna samskipta foreldra og skóla samkvæmt þessari grein.

¹⁾[L. 38/2009, 1. gr.](#)

■**10. gr. Samstarf foreldra og starfsfólks.**

□Leikskólastjóri skal stuðla að samstarfi milli foreldra og starfsfólks leikskóla með velferð barna að markmiði. Sé óskað eftir stofnun foreldrafélags skal leikskólastjóri aðstoða við stofnun þess.

■**11. gr. Foreldraráð.**

□Kjósa skal foreldraráð við leikskóla og skal leikskólastjóri hafa frumkvæði að kosningu í ráðið. Í foreldraráði sitja að lágmarki þrjár foreldrar. Skal kosning til foreldraráðs fara fram í september á ári hverju og skal kosið til eins árs í senn. Foreldraráð setur sér starfsreglur. Leikskólastjóra ber að starfa með foreldraráði. Leikskólastjóri getur sótt um undanþágu til sveitarfélags um stofnun foreldraráðs ef gildar ástæður eru fyrir hendi, svo sem vegna fámennis í leikskóla.

□Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



Foreldrar í skógarferð.

Maí 2009.

8.

Almennar upplýsingar:

Leikskólinn Álfheimar
Sólvellir 6
800 Selfoss
Sími: 480-3240
Netfang; alfheimar@arborg.is

Leikskólastjóri:

Ingibjörg Stefánsdóttir
alfheimar@arborg.is

Aðstoðarleikskólastjóri;

Margrét Jóna Ólafsdóttir
mjo@arborg.is

Leikskólafulltrúi Árborgar:

Kristín Eiríksdóttir
kristin@arborg.is
Sími 480-1900

Leikskólaráðgjafi vegna sérkennslu:

Ásthildur Bjarnadóttir
asthildur@arborg.is
Sími 480-1900

